



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við auknum vopnaburði ungmenna

Á fundi velferðarráðs þann 26. apríl 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn um viðbrögð við auknum vopnaburði ungmenna:

Í ljósi hræðilegs atburðar sem átti sér stað um síðustu helgi þar sem grunur leikur á um að ungur einstaklingur hafi orðið manni að bana hlýtur velferðarráð og velferðarsvið að leita allra leiða til að bregðast við auknum vopnaburði meðal unglunga. Alvarleg tilvik af sambærilegum toga hafa einnig átt sér stað í Reykjavík. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort verið sé að ræða þessi mál á velferðarsviði og hvort einhverjar hugmyndir séu um að setja saman stefnu um hvernig verjast megi auknum vopnaburði meðal unglunga og á sama tíma vinna að markvissum mótvægisáðgerðum? Í október 2022 lagði borgarfulltrúi Flokks fólksins fram tillögu í borgarstjórn um stofnun stýrihóps til að bregðast við auknum vopnaburði meðal unglunga. Fulltrúi Flokks fólksins óskar svars við hvernig velferðaryfirvöldum hugnast þessi hugmynd? Hópur af þessu tagi er hugsaður til að kortleggja vandann í Reykjavík og meta viðbrögð borgarinnar sem lúta að forvörnum. Hafa velferðaryfirvöld velt fyrir sér hvaða leiðir eru færar til að sporna við þessari óheillaþróun?

Svar:

Það er mikil meðvitund hjá öllu starfsfólki miðstöðva/Betri borgar fyrir börn um aukið ofbeldi í umhverfinu og auknum vopnaburði meðal unglunga og umræða um þessa stöðu hefur verið rædd á vettvangi Betri borgar fyrir börn, þar sem velferðarsvið og skóla- og frístundasvið vinna í sameiningu að farsæld barna. Á öllum miðstöðvum er unnið samkvæmt samræmdu verklagi þegar upp koma alvarleg mál s.s. ofbeldismál sem litið er á sem bráðamál. Þá leggur hópur sérfræðinga innanhúss frá sér önnur störf og sinnir gerenda/gerendum, þolenda/þolendum og þeim sem verða vitni að eða hlýst ógn af meintu ofbeldi. Áhersla er á að veita ráðgjöf og lausnir til að draga úr líkum á að ofbeldi sé aftur beitt. Viðbrögð eru samræmd í takt við farsældarlög og samráð haft við, foreldra/foreldrahópa, lögreglu, barnavernd og nemendahópa eftir því sem við á. Mikil áhersla er á að vinna með viðkomandi heimilum en foreldrar eru í lykilhlutverki í öllu samstarfi. Ávallt er metið hvort þörf sé á samþættri þjónustu í þágu farsældar barns.

Í verkefninu Betri borg fyrir börn er lögð mikil áhersla á forvarnavinnu með því að ýta undir jákvæð samskipti barna og unglunga, stuðla að því að börnum og unglingum líði vel í sínum jafningjahópi, stöðva óæskilega hegðun og talsmáta í barna- og unglingahópum ásamt því að samstillja alla þá sem starfa með börnum og unglingum til að gera hverfin enn betri fyrir börn og ungmenni. Til að fyrirbyggja ofbeldishegðun barna eru ýmis úrræði á vettvangi skólans í boði og á vegum miðstöðva í gegnum Keðjuna. Nefna má sem dæmi ýmis úrræði fyrir foreldra í tengslum við uppeldisfræðslu, tilfinningastjórnun og félagsfærniþjálfun. Einnig eru ýmis



úrræði í boði innan leik – og grunnskólanna, frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem lúta að grundvallarþáttum menntastefnunnar; félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Starfsmenn miðstöðva hafa tekið þátt í að mennta kennara og stjórnendur í grunnfræðum PMTO meðferðar til að gera þá færari í að bregðast við neikvæðri hegðun barna. Ráðgjafar miðstöðva sem sinna börnum, fjölskyldum og stofnunum hafa veitt hagnýt ráð til starfsfólks skóla og foreldra um hvernig eigi að fyrirbyggja og bregðast við ofbeldi. Miðstöðvar leggja jafnframt áherslu á bekkja- og einstaklingsvinnu verkefnisstjóra félagsauðs og frístunda- og unglingaráðgjafa sem bregðast við því ástandi sem er hverju sinni. Teymi undir forystu skóla- og frístundasviðs er starfrækt þvert á miðstöðvar í kring um kynferðislegt áreiti og ofbeldi. Starfsfólk á öllum miðstöðvum situr reglubundna fundi með helstu samstarfsaðilum til að fara yfir stöðuna í viðkomandi hverfi. Verið er að móta nýtt vinnulag á miðstöðvum með tilkomu samfélagslögreglu sem er mikið framfaraskref. Vonast er til að búið verði að manna í öll störf samfélagslögreglu með haustinu.

Á miðstöðvum er sífellt leitað leiða til að gera hverfin enn betri fyrir börn og unglinga m.a. með fræðslu og sérstökum samstarfsverkefnum innan þeirra. Til að mynda er forvarnarverkefnið Dalurinn okkar að fara af stað á Norðurmiðstöð í þessum tilgangi. Austurmiðstöð hélt málþing og vinnusmiðju í Hörpu í mars sl. fyrir alla 9. bekkinga, um 500 unglinga, um ofbeldi og viðbrögð við því. Í Suðurmiðstöð er Senter verkefnið starfrækt þar sem lögð er áhersla á að formgera samstarf og viðbragðsflyti allra sem koma að málum unglinga í Breiðholti. Með tilkomu Senter hefur verið hægt að bregðast hratt við áhættuhegðun og hegðunarvanda unglinga á samræmdan og markvissan hátt þvert á stofnanir. Verið er að skoða hvort Senter verkefnið verði starfrækt á öllum miðstöðvum. Jafnframt hafa verið haldnir opnir fræðslufundir á miðstöðvum fyrir foreldra um ýmsa þætti sem snúa að börnum og eru styrkjandi til að sporna við ofbeldi.

Félagsmiðstöðvarnar hafa einnig breytt sínu vinnulagi til að bregðast við stöðunni með aukinni áherslu á vettvangsstarf Flotans sem sinnir vettvangsstarfi í hverfum borgarinnar utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglinga.

Framkvæmdastjórn velferðarsviðs hefur átt fund með lykilaðilum á skóla- og frístundasviði varðandi möguleg viðbrögð í sumar þegar skólar eru ekki lengur starfandi. Tryggt verður af hálfu velferðarsviðs að unnið verði eftir settum verkferlum auk þess sem viðbrögð verða samþætt í gegnum Betri borg fyrir börn.

Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði áttu fulltrúar sviðsins nýlega fund með Mennta- og barnamálaráðherra auk fulltrúa lögreglu þar sem farið var yfir stöðu mála. Í framhaldi sótti skóla- og frístundasvið um styrk til mennta- og barnamálaráðuneytisins til að efla starf Flotans í sumar og haust og styrkja samstarf við nágrannasveitarfélögin í vettvangsstarfi. Ekki hafa borist svör en sviðið bindur vonir við að umsóknin verði samþykkt svo hægt sé að tryggja aukna starfsemi Flotans í sumar og haust og þetta samstarfið við nágrannasveitarfélögin.

Samræmd viðbrögð lykilaðila á vettvangi er forsenda þess að hægt verði að koma í veg fyrir og bregðast við ofbeldi meðal barna- ungmenna. Með verkefninu Betri borg fyrir börn hefur samvinna og samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs styrkst og eflst og sviðin vinna saman sem eitt að því að bregðast við og koma í veg fyrir ofbeldishegðun barna- og ungmenna í samvinnu við helstu samstarfsaðila.